

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið  
b/t Hjalta Zóphóniassonars,  
Arnarhvoli  
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. júlí 2002

**Tilvísun:** DKM 02060027 / 870 / HZ / -

**Málefni:** Umsögn nefndar um skráningu félagsins  
“Siðmennt – Félag um borgaralegar athafnir”,  
sem trúfélag, sbr. bréf ráðuneytisins, dags. 5. júní 2002

Hér með tilkynnist kirkjumálaráðuneytinu, að nefnd sú, sem er álitsefandi gagnvart ráðuneytinu um skráningu nýrra umsókna um trúfélög, sbr. 4. mgr. 4. gr. laga nr. 108/1999 um skráð trúfélög, hefur tekið til meðferðar og afgreiðslu beiðni frá félaginu “Siðmennt – Félag um borgaralegar athafnir”, um skráningu félagsins sem trúfélag samkvæmt ákvæðum fyrrnefndra laga.

Það er samdóma álit nefndarmanna, Kolbrúnar Lindu Ísleifsdóttur, Hjalta Hugasonar og Haraldar Ólafssonar, að félagið “Siðmennt – Félag um borgaralegar athafnir” uppfylli ekki skilyrði til skráningar á grundvelli ákvæða laga nr. 108/1999 sem og framlagðra gagna og upplýsinga.

Rök nefndarmanna eru þau, að ekki verður talið að Siðmennt teljist félag sem leggi stund á átrúnað eða trú sem tengja má við þau trúarbrögð mannkyns sem eiga sér sögulegar eða menningarlegar rætur, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna. Siðmennt virðist vera félag um lífsskoðanir og er gerður skýr greinarmunur á trúfélögum annars vegar og félögum um lífsskoðanir hins vegar, sbr. 1. mgr. 1. gr. laganna en þar segir: “Rétt eiga menn á að stofna trúfélög og iðka trú sína í samræmi við sannfæringu hvers og eins. Eigi má þó fremja neitt sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjarreglu. Á sama hátt eiga menn rétt á að stofna félögum um hvers konar kenningar o lífsskoðanir, þ.m.t. um trúleysi.” Og í 2. mgr. 1. gr. er einni gerður greinarmunur á trúfélögum annars vegar og félögum um lífsskoðanir hins vegar, en þar segir: “Eigi er skylt að tilkynna stjórnvöldum um stofnun eða starfsemi trúfélaga eða annarra félaga um lífsskoðanir”. Ennfremur má benda á ákvæði 2. mgr. 3. gr. laganna þar sem m.a. er gert að skilyrði, að í félaginu sé kjarni félagsmanna sem reglulegar iðka trú sína í samræmi við kenningar þær sem félagið er stofnað um, o.s.frv. Að lokum má benda á ákvæði 3. tl. 1. mgr. 4. gr. laganna, þar sem krafist er upplýsinga um trúarkenningar félags, sem sækir um skráningu sem trúfélag, og tengsl þeirra við önnur trúarbrögð eða trúarhreyfingar.

Ekki verður talið að Siðmennt – Félag um borgaralegar athafnir fullnægi neinum þessara skilyrða og því er ekki hægt að mæla með skráningu þess sem trúfélag.

Beiðni ráðuneytisins, dags. 5. júní 2002 bars formanni nefndarinnar 10. júní s.á., og var nefndarmönnum send gögn málsins sama dag. Eftir verulega undirbúningsvinnu og yfirllestur gagna frumvarps, greinargerða, nefndarálita og umræðna á þingi var haldinn fundur í nefndinni 24. júní sl., þar sem málið var tekið til meðferðar og afgreiðslu.

Virðingarfyllst,

Kolbrún Linda Ísleifsdóttir, formaður

Meðfylgjandi: Fylgigögn með bréfi ráðuneytisins ásamt skrá yfir meðlimi safnaðarins.

Afrit sent Hjalta Hugasyni og Haraldi Ólafssyni, nefndarmönnum.